

Mál nr. 441/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Líkamstjón.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 29. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 5. mars 2026.
5. Skýrsla Vinnueftirlits, frá janúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 22. mars 2024 hafi M verið við störf hjá X að dæla epoxý efni (HydroFlex622) inn í sprungur á steiptum útveggjum í Z. Þá gaf sig slanga sem flytur efnið að nippli með þeim afleiðingum að efnið sprautaðist með miklum þrýstingi inn í hægri hendi M, sem hélt um tengið. Húð M rofnaði og efnið gekk inn í hendi M og þandist þar út. M var ekið á Landspítala til aðhlynningar. M var óvinnufær í um þrjá og hálfan mánuð.

Vinnueftirlitið kom á staðinn samdægurs og framkvæmdi vettvangskonnnun. Skoðun leiddi í ljós að slangan hafði gefið sig um tengið sem M hélt á „hugsanlega vegna þess að oft þarf að jugga tenginu til að losa en það veldur álagi á samskeytin sem gefa sig með tímanum“. Vinnueftirlitið benti á að öryggisblöð hafi ekki verið til staðar á verkstað og af þeim sökum gaf það X þau fyrirmæli að útvega öryggisblöð fyrir hættumerkt efni og kynna starfsfólki efni þeirra. Jafnframt var X gert að tryggja að til staðar væru viðeigandi persónuhlífar og öryggisbúnaður í samræmi við kröfur sem fram komu á öryggisblöðum. Þá lá ekki fyrir hvort áhættumat væri fullnægjandi og var X því gert að endurskoða þá þætti skriflegrar áætlunar um X öryggi og heilbrigði sem eigi við um slys M.

M gerði kröfu um að bótaskylda yrði viðurkennd úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Krafa M var byggð á því að líkamstjón hans mætti rekja til saknæmrar og ólögsmætrar háttsemi X og/eða starfsmanna þess. Taldi M að X hafi bæði vanrækt að tryggja að öryggisblöð væru til staðar á vinnustað M og að útvega M viðeigandi hlífðarhanska til að framkvæma störf sín. V hafnaði greiðsluskyldu með vísan til þess að slys M væri ekki að rekja til atvika sem X bæri ábyrgð á heldur óhappatilviks og galla í umræddri slöngu. Til stuðnings þeirri afstöðu vísaði V m.a. til þess að um nýlega slöngu hafi verið að ræða, að öryggisblað ásamt öryggisreglum hafi verið til staðar á starfsstöð X og að M hafi verið búinn hönskum, sambærilegum þeim sem áskildir eru til starfans. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti byggir M á því að X hafi ekki uppfyllt ákvæði laga nr. 46/1980 og reglugerða settum með stoð í þeim lögum sem hafi það að markmiði að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í fyrsta lagi byggir M á því að X hafi vanrækt að tryggja starfsmönnum sínum nauðsynlegar upplýsingar og þjálfun í tengslum við notkun efnisins HydroFlex622. Í þessu sambandi vísar M til 13., 14., 41. og 50. gr. laga nr. 46/1980, 5., 8., 10., 11. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum og 30. gr. efnalaga nr. 61/2013. Í öðru lagi byggir M á því að slys hans verði rakið til skorts á fullnægjandi persónuhlífum og vísar til 3., 4., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 1290/2022 um notkun persónuhlífa. Einnig til gr. 9.1 í A-hluta viðauka IV. við reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Í öryggisblaði fyrir efnið HydroFlex622 kemur fram að efnið sé hættulegt í snertingu við húð og að nota skuli prófaða hlífðarhanska í samræmi við EN ISO 374 staðalinn um hlífðarhanska til að verjast kemiskum efnum og örverum. Til stuðnings kröfu sinni vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 222/2019. Í þriðja lagi er á því byggt að áhættumat fyrir verkþáttinn hafi verið ófullnægjandi. Til stuðnings málsástæðu sinni vísar M til 50. og 65. gr. a laga nr. 46/1980, 4. gr. reglugerðar nr. 553/2004 og 4. gr. reglugerðar nr. 367/2006. Í fjórða lagi er byggt á að slangan og samskeytin, sem M var að nota þegar slys hans bar að höndum, hafi verið vanbúin eða gölluð. Til stuðnings þeirri málsástæðu vísar M til skýrslu Vinnueftirlitsins. Takmörkuð rannsókn hafi farið fram á slöngunni og X hafi ekki hlutast til um að tryggja sönnun um aðbúnað slöngunnar. Í því

sambandi verði að líta til þess að verulegur aðstöðumunur var á milli aðila. M sem sé ófaglærður verkamaður sem talar ekki íslensku, hafi verið fluttur á bráðamóttöku strax í kjölfar slyssins og verið óvinnufær í þrjá mánuði, á meðan X sé atvinnurekandi sem hafi haldið úti þeirri starfsemi sem slysið varð við og beri ríkar skyldur samkvæmt lögum nr. 46/1980. X hafi borið að sjá til þess að slöngunni væri haldið til haga og að viðhlítandi rannsókn færi fram til að leiða í ljós orsök þess að hún gaf sig í umrætt sinn. V verði að bera hallan af því að slík rannsókn hafi ekki farið fram, sbr. t.d. Hrd. 286/2009 og Lrd. 217/2019. Í síðarnefnda dómnum hafi vinnuveitandi verið látinn bera hallann af því að hafa ekki varðveitt sönnunargögn. Það sé á ábyrgð X að tryggja að tæki og annar búnaður sé þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta og að starfsmenn geti notað tæki án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hættu búin, sbr. 46. gr. laga nr. 46/1980 og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006, b-lið gr. 26.1. í B. hluta viðauka IV við reglur nr. 547/1996 og 6. gr. reglugerðar nr. 553/2004. Telur M því að V beri almenna skaðabótaábyrgð á tjóni hans á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttarins og meginreglunnar um vinnuveitendaábyrgð.

Í athugasemdum V er í fyrsta lagi byggt á því að X geti ekki borið ábyrgð á líklegum galla í slöngunni sem varð þess valdandi að hún rofnaði. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi verið um að ræða nýlega slöngu og samskeyti en skipt hafi verið um hvoru tveggja stuttu fyrir slysið, þ.e. þann 17. janúar 2024, eða tveimur mánuðum áður. Vélin hafi einungis verið notuð í þrjú skipti frá því að skipt hafði verið um slönguna fram að slysi. Venjulega sé skipt um slöngu eftir 20 skipti eða 12 mánuði, hvort sem kemur á undan. Í öðru lagi hafi M verið með hlífðargleraugu, hjálm, í hlífðargalla og einnig hanska samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Um sé að ræða einnota hanska sem uppfylla staðalinn EN ISO 374. Þeir séu gerðir til að þola efnið, sem notað var umrætt sinn, til lengri tíma en venjulegir einnota hanskar, þ.e. ef efnið fer á hendur. Slysið hafi ekki orðið vegna efnaskipta, heldur vegna háþrýstings, þ.e. þegar slangan rofnaði með þeim afleiðingum að efnið fór inn í hönd M. M hafi verið með allan þann öryggisbúnað sem öryggisblaðið gerir kröfu um. Sé ljóst að hanskar eins og öryggisblaðið gerir kröfu um (og M var með) komi ekki í veg fyrir slys. Ekki sé gerð krafa um aðra gerð hanska í öryggisblaðinu. Eins og áður hefur komið fram hefur slys sem þetta ekki gerst hjá X áður. Í þriðja lagi hafi M hlotið viðeigandi þjálfun. Samkvæmt því sem segir í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands hafði M unnið hjá X í rúm fjögur ár áður en slys varð. M hafi farið á námskeið hjá söluaðila þessa efnis og hafði unnið við fjölda dælingaverkefna á starfstíma sínum hjá X og öðlast mikla reynslu á því sviði. Auk þess hafi M farið á mörg öryggisnámskeið tengd störfum hjá X. M hafi því verið mjög reynslumikill á þessu sviði. M var, eða hafi mátti vera, vel meðvitaður um öryggi við framkvæmd starfa sinna og auk þess var hann, eða mátti vera, vel meðvitaður um öryggisblað um notkun efnisins HydroFlex622 og hafði fengið kynningu á því frá X. Sjáist það best á því að M hafi verið með allan þann öryggisbúnað sem öryggisblaðið vegna Hydroflex 622 geri kröfu um, þ.e. hlífðargalla, hlífðargleraugu og EN ISO 374 hanska. Enda hafi orsök slyssins ekki verið vegna þess að öryggisreglur væru brotnar. Öryggisblað vegna HydroFlex622 ásamt öryggisreglum hafi verið til staðar á starfsstöð X þegar slysið átti sér stað. Eðlilegt verði að teljast að öryggisblað vegna HydroFlex622 hafi ekki hangið uppi þar sem slysið gerðist, enda einungis um tímabundinn verkstað að ræða hjá X. Þá hefur slys líkt og þetta aldrei átt sér stað áður hjá X enda gætir X vel að því að öllum öryggisatriðum sé fylgt í hvívetna og að starfsmenn séu búnir réttum öryggisbúnaði við framkvæmd starfa sinna. Með hliðsjón af framangreindu telur V að M hafi ekki tekist að sýna fram á að slysið sé að rekja til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á að lögum og hafni bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X.

Í viðbótarathugasemdum M er í fyrsta lagi byggt á að ósannað sé að slangan og samskeytin hafi verið nýleg, þ.e. skipt hafi verið um þau stuttu fyrir slysið. M hafnar því að reikningur vegna kaupa á slöngu og samskeytum hafi sönnunargildi. Fyrir liggi að á slysdegi hafi X verið með fleiri en eina samskonar vél í notkun. Sé því alls ósannað að skipt hafi verið um slöngu á þessari sömu vél í eigu X. Auk þess liggi ekki fyrir kvittun sem staðfestir kaupin sem og engin skráning á því hversu oft vélin hafi verið notuð áður en slys M átti sér stað. Engin skráning hafi verið haldin yfir það í hversu mörg skipti slangan hafi verið notuð né að skipt hafi verið um hana á 12 mánaða fresti líkt og fram komi í athugasemdum V. Vinnuveitanda er skylt að tryggja að búnaður sem starfsmönnum er látinn í té sé öruggur og henti til verksins sem inni skal af hendi, þannig að starfsmönnum stafi ekki hættu af. Orsök slyssins sé að rekja til þess að aðstæður á vinnustaðnum voru ófullnægjandi og beinlínis hættulegar og að mati M sé slysið að rekja til þess að öryggisreglur voru brotnar. M hafi ávallt notað þau tæki og þann hlífðarbúnað sem X útvegaði honum og hafi ekki átt kost á að vinna verkið á annan hátt. M telur því ljóst að X hafi brugðist þeirri skyldu sinni að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað, sbr. 13. gr. laga nr.

46/1980. Í öðru lagi er því hafnað að X geti ekki borið ábyrgð á því ef um galla hafi verið að ræða í slöngunni. M hafi verið gert að halda um samskeyti á milli slöngunnar og tengisins en X hafi ekki gert neinar ráðstafanir til þess að koma fyrir einhverskonar hlíf til þess að slangan yrði ekki fyrir óþarfa álagi. Eftir slysið hafi X komið fyrir hlíf á umræddum samskeytum. Í þriðja lagi er því alfarið mótmælt að M hafi verið með hjálm, í hlífðargalla og með hanska sem uppfylla staðalinn EN ISO 374. M hafi hvorki verið með hjálm né í hlífðargalla og þá hafi hann verið klæddur hefðbundnum vinnuhönskum að gerðinni MaxiFlex Ultimate 42-874 er slysið gerðist sem veiti litla eða enga vörn gegn kemískum efnum. Hanskarnir hafi hvorki sérstaklega verið prófaðir né vottaðir samkvæmt EN ISO 374 staðlinum og hafi ekki samræmst fyrirmælum öryggisblaðsins. Umræddir hanskar hafi ekki hentað til varnar því að efnið kæmist í snertingu við húð. M hafi aldrei fengið leiðbeiningar um að hann þyrfti að vinna með sérstaka gerð af hönskum eða að hann ætti að vera með hjálm og í hlífðargalla. M telur að viðeigandi hlífðarbúnaður hefði dregið verulega úr líkum á slysi því sem hann varð fyrir og/eða alvarleika líkamstjóns hans. Þá bendir M á að skyldur vinnuveitanda varðandi öryggisblöð og aðrar öryggisráðstafanir taka einnig til tímabundinna vinnustaða. Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. laga nr. 46/1980 skuli atvinnurekandi sjá til þess að öryggisblöð og skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á vinnustaðnum þar sem hættuleg efni eru notuð eða kunna að vera notuð. Í lögnum er enginn greinarmunur gerður á hvort að vinnustaður sé tímabundinn eða ekki. M mótmælir að X geti borið fyrir sig að öryggisblað hafi ekki verið til staðar í Z því þetta hafi einungis verið tímabundinn verkstaður. Hið rétta sé að umrætt öryggisblað hafi ekki heldur verið til staðar á starfsstöð X þegar slysið átti sér stað.

Í viðbótarathugasemdom V er það ítrekað að sönnunarbyrðin hvíli á M varðandi það að sýna fram á hvernig slysið atvikaðist, hvernig búnaðurinn var, hvernig þjálfun og leiðbeiningar hann hafði fengið o.s.frv. Vinnueftirlitið hafi komið á staðinn og rannsakað tildrög slyssins og X því ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína, skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. V hafnar því að framlagður reikningur um kaup á nýrri slöngu hafi ekki sönnunargildi í málinu. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi aðeins ein vél verið í notkun á þeim tíma sem slysið gerðist, þ.e. sú vél sem M slasaðist við og því ljóst að slangan hafi verið keypt fyrir þá vél. V bendir á að hlíf eins og M segir að hafi verið sett á samskeytin eftir slysið hafi ekki fylgt með vélinni þegar hún var keypt. Vinnueftirlitið hafi ekki gert kröfu um að slík hlíf yrði sett á.

Álit.

Ágreiningur máls þessa snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að aðstæður á slysstað hafi verið öruggar og slysið sé fyrst og fremst að rekja til óhappatilviks og galla í umræddri slöngu. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í málinu er óumdeilt að M slasaðist við það að slanga á dælu gaf sig þegar hann var við störf hjá X. Jafnframt liggur fyrir að X tilkynnti um slysið til Vinnueftirlitsins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og kom það á staðinn og rannsakaði slysið. Eins og málið liggur fyrir nefndinni gilda því almennar sönnunareglur skaðabótaréttar.

Í fyrsta lagi hefur X upplýst um að skipt hafi verið um slöngu og samskeyti á dælu skömmu fyrir slysið, þ.e. um tveimur mánuðum áður, og vísar til gagna þar um. Slanga og samskeyti hafi verið notuð í þrjú skipti og venjulega sé skipta um slöngu eftir 20 skipti eða eitt ár. Hvort sem kemur fyrir. Í skýrslu Vinnueftirlits kemur fram að slangan hafi að líkindum verið nokkurra mánaða gömul en ekki fæst séð að aflað hafi verið upplýsinga hjá X um aldur slöngunnar. Í öðru lagi liggur fyrir að M hafi unnið hjá X í fjögur ár áður en slysið varð. Á þeim tíma hafði M unnið við fjölda dælingaverkefna og öðlast mikla reynslu á þessu sviði. M hafði farið á öryggisnámskeið, námskeið hjá söluaðila efnisins, verið vel meðvitaður um öryggisblað fyrir notkun efnisins eða a.m.k. átt að vera það og fengið kynningu á því frá X. Þá var öryggisblaðið ásamt öryggisreglum til staðar á starfsstöð X þegar slysið átti sér stað. Í þriðja lagi liggur fyrir að M var ekki með þá hanska sem öryggisblað efnisins gerir kröfu um. Ósannað er að þeir hanskar sem öryggisblaðið gerði kröfu um hafi ekki verið tiltækir til notkunar fyrir M.

Með vísan í framangreint telur nefndin að M hafi ekki tekist að sýna fram á að X hafa vanrækt þær skyldur sem á því hvíldu skv. lögum og reglum sem vísað hefur verið til. Það er því niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að slys hans verið rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir